

Opinn fundur með stjórnendum skólans, stjórnendum NFFG, leikfélagsins og nemendum skólans

haldinn í Urðarbrunni miðvikudaginn 12. október 2016.

Elísabet Siemsen skólameistari setti fundinn og bauð nemendur velkomna. Hún ræddi um það að Opinn fundur væri haldinn einu sinni á önn og margt sem hefur komið fram á þessum fundum hefur komið til framkvæmda. Þetta er vettvangur nemenda til þess að koma skoðunum sínum á framfæri.

Á síðasta fundi var óskað eftir því að Gillarinn væri endurvakinn. Það var gert fyrir síðasta ball í samráði við lögreglu, en það tókst ekki nógu vel og verður ekki endurtekið.

Hún sagði frá því að þessi vika væri lýðræðisvika þar sem nemendur fá fræðslu um hvað lýðræðið gengur út á og hvað kosningarétturinn er mikilvægur. Í gær komu fulltrúar stjórnmalaflokkanna í heimsókn í skólann og nemendum gafst kostur á að fá upplýsingar um stefnu flokkanna. Á morgun verða skuggakosningar. Skuggakosningar eru þannig að öllum nemendum gefst kostur á að kjósa eins og um venjulegar kosningar væri að ræða. Nemendur fæddir 1999 og 2000 hafa kosningarétt í þessum kosningum. Þetta er nokkurs konar herferð til þess að fá ungt fólk til þess að kjósa. Niðurstöður verða birtar eftir að kjörstöðum verður lokað 29. október og verður þá hægt að bera þessar niðurstöður saman við niðurstöður úr raunverulegum kosningum.

Elísabet hvatti nemendur til að ganga vel um og líta á skólann sem heimili sitt. Einnig minnti hún nemendur á að haustfrí verður í skólanum föstudaginn 14. og mánudaginn 17. október.

Guðbjörn Snær Björnsson formaður NFFG sagði frá FG – Flensborgardeginum sem verður 28. október. Það verður keppt í ýmsum íþróttum m.a. golfi. Einnig verður Útsvarskeppni. Auglýst er eftir nemendum sem vilja vera í liði FG.

Salsaball verður í byrjun nóvember ekki komin nákvæm dagsetning.

Leikfélagið kynnti að búið væri að velja leikhóp fyrir sýninguna sem verður „Charlie and the Chocolate factory“. Skráningar í dansprufur verða í dag og á morgun. Förðunar og búningahópar verða valdir í nóvember.

Karóíkí kvöld í næstu viku líklega á föstudag. Skólinn mun keppa í Morfís í ár.

Að kynningum loknum var opnað fyrir spurningar úr sal. Þessar voru helstar:

- Spurning til stjórnenda, er hægt að bæta við áfanga sem heitir stjórnmalalæsi í stað lífsleikni. Þessi áfangi væri til að búa ungt fólk undir að taka þátt í kosningum og lýðæði í þjóðfélaginu. Aðalbjörg Helgadóttir kennslustjóri í samfélagsgreinum svaraði því til að ¼ af áfanganum FÉLV1if05 væri um stjórnmalalæsi. Einnig væri boðið upp á áfanga í stjórnmalafraeði aðra hvora önn, en nemendur hafa ekki sýnt honum nægan áhuga til þess að hægt hafi verið að kenna hann undanfarnar annir.
- Þarf að hafa skilríki í skuggakosningunum? Já, það þarf að hafa skilríki.
- Hvers konar skilríki? Þau þurfa að vera með mynd, dugar að hafa debetkort eða eitthvað slíkt.
- Getum við ekki haft eitthvað skemmtilegt að gera þegar við erum í eyðu t.d. tónlist? ES. Allt í lagi að hlusta á tónlist en það skiptir máli hvar og hversu hátt hún er spiluð. Ekki leyfilegt að spila tónlist á ganginum fyrir framan Urðarbrunn og fyrirlestrasalinn. Mjög erfitt að kenna í þessum kennslustofum þegar tónlistin er á fullu rétt fyrir framan. Guðbjörn talar um að NFFG sé að hugsa um að kaupa borðtennisborð sem nemendur geta notað þegar þeir eru í eyðu. Þarf að finna góðan stað þar sem hávaði truflar ekki kennslu.
- Elísabet benti tveimur nemendum að fara út og losa tóbak úr vörinni. Hún notaði tækifærið til þess að tala um að tóbaksnotkun væri með öllu óheimil í skólanum og á skólalóðinni og það ætti einnig við um rafsíkarettur.
- Hvernig gengur að mála leiklistarsalinn svartan? Elísabet sagði að við réðum ekki hvernig salurinn er á litinn það er búið að reyna að fá leyfi til þess að breyta þessum litum en það leyfi hefur ekki fengist. Litaval er partur af teikningum arkitektanna. Hins vegar taldi hún ekki líklegt að salurinn yrði nokkurn tímann málaður svartur.
- Megum við ekki koma með okkar eigin sófa í skólann er það líka vegna arkitektanna? ES. Já, en þó svo arkitektarnir leyfðu sófa þá er ekki hægt að koma með eigin sófa og setja hann einhvers staðar og svo koma fleiri og fleiri með sófa. Það er ekki hægt.
- Af hverju fáum við ekki frí í fyrsta tíma eftir böll? Þar sem rannsóknir sýna að ungt fólk sofi ekki nóg? ES svaraði, böllin eru til kl. 1.00 og margir

eru ekki farnir að sofa þá hvort sem er. Nemandi tók til máls og talaði um nauðsyn þess að fá frí daginn eftir böll.

- Svefnlausir nemendur eru ekki sterkir námsmenn. ES segist ekki geta passað upp á að nemendur sofi. Hins vegar er fullt af nemendum sem fara ekki á böllin og þau eiga rétt á sinni kenngslu. Þetta frí er ekki til umræðu meir, það verður ekki gefið frí.
- Öryggisverðir ræna af nemendum því sem tekið er af þeim á böllunum. Getur skólinn eitthvað gert í því? Tinna félagsmálafulltrúi svaraði og sagði að allt sem tekið er af nemendum er sett í poka og Petrún forvarnafulltrúi tekur pokann og hægt er að nálgast munina hjá henni.
- Af hverju þurfa öryggisverðir að leita á nemendum, geta kennarar ekki gert það frekar? Petrún og Tinna skoði þetta.

Fundi slitið kl. 10.50

Hrafnhildur Sigurgeirsdóttir áfangastjóri ritaði fundargerð.